
UPPLÝSINGABÓK NORÐURÁLSMÓTSINS 2015

HALDIÐ Á AKRANESI

19. - 21. JÚNÍ

VERIÐ VELKOMIN Á NORÐURÁLSMÓTIÐ

Efnisyfirlit

Birt 25.maí

Dagskrá mótsins - drög
Upplýsingar um mótið
Fjölskylduupplýsingar
Kort af svæðinu

Birt þriðjudag fyrir mót, 16.júní

Tjaldsvæði félaganna
Kort af tjaldsvæðum
Gististaðir þátttakenda
Kort af keppnisvöllum
Keppni föstudags
Matseðill mótsins
Matartímar á föstudegi
Myndataka liða á föstudegi
Tenglablað

Birt eftir föstudagskeppni, 19.júní:

Keppni laugardags og sunnudags
Matartímar á laugardegi og sunnudegi

DAGSKRÁ MÓTSINS - drög

Föstudagur 19.júní

- 08:30 - 11:00 Mæting á gististaði
- 10:30 - 11:00 Fararstjórafundur í Íþróttamiðstöð
- 11:00 Mæting í skróðgöngu hjá bæjarskrifstofunum (á móti Krónunni).
- 11:15 - 11:45 Skróðganga að Akraneshöll
- 12:00 - 12:30 Mótssetning í Akraneshöll
- 13:00 - 19:00 Keppni 1.mótsdags.
- 17:30 - 20:30 Kvöldverður (tímasetning breytileg)
- 22:30 - 23:00 Fararstjórafundur í Íþróttamiðstöð

Laugardagur 20.júní

- 07:45 - 09:30 Morgunverður
- 09:00 - 12:00 Keppni 2.mótsdags - fyrri hluti
- 11:30 - 14:00 Hádegismatur (tímasetning breytileg)
- 13:30 - 16:30 Keppni 2.mótsdags - seinni hluti
- 10:00 - 18:00 Leikjaland Alltaf Gaman opið
- 16:30 - 19:30 Kvöldverður (tímasetning breytileg)
- 19:30 - 20:30 Kvöldskemmtun í Akraneshöll og viðurkenningar
- 21:30 - 22:00 Fararstjórafundur í Íþróttamiðstöð
- 21:30 - 23:00 Foreldrakaffi í boði foreldra KFÍA í matsal Íþróttamiðstöðvar, og myndasala

Sunnudagur 21.júní

- 07:45 - 09:30 Morgunverður
- 09:00 - 12:00 Tæma skólastofur
- 09:00 - 13:00 Keppni 3.mótsdagsins
- 11:00 - 13:30 Pulsugrill við Norðurálsvöllinn (tímasetning breytileg)
Móti lokið

UPPLÝSINGAR UM MÓTIÐ

MIKILVÆGAST

Norðurálmótið er mót fyrir byrjendur og hefur því uppeldislegt gildi. Keppendur eru byrjendur, foreldrar eru margir byrjendur og dómarar geta líka verið byrjendur. Við þurfum öll að taka tillit til þess.

Byrjendur þurfa að fá að læra af mistökum. Hjálpumst að, þá gengur allt betur.

Þjálfarar, liðstjórar og foreldrar verða að fylgjast vel með skráningu úrslita á föstudegi. Niðurröðun á keppni laugardagsins og sunnudagsins byggir á úrslitum föstudags. Úrslitin þurfa því að vera rétt skráð.

HUGARFAR

Fótbolti er skemmtun. Þessi skemmtun skiptir okkur öll máli. Það er sérstök ánægja að geta boðið leikmönnum ykkar að leika gegn liðum frá hinum ýmsu stöðum af landinu. Kennið leikmönnum að endurspegla þessa ánægju í leik og framkomu á Norðurálmótinu, félagi sínu til framdráttar.

Leikmönnum skal kennt að virða ákvörðun dómara án spurninga eða athugasemda. Þetta skal einnig brýna fyrir foreldrum og öðrum aðstandendum liðanna.

Þjálfarar skulu alltaf styðja úrskurði dómara leiksins, hvort sem þeir eru réttir eða rangir. Þjálfarar og foreldrar skulu aldrei efast um hæfni dómarans svo leikmenn heyri til. Dómgæslu er hægt að ræða á kvöldfundum með þjálfurum og mótshöldurum.

Verum stundvís - það skiptir máli fyrir alla.

Foreldrar og stuðningsmenn liða endurspegla þann anda sem er í hverju félagi. Verum öll okkar félagi til sóma og börnum okkar góðar fyrirmyndir. Við komum fram fyrir hönd okkar félags með stolti og virðingu.

Á Norðurálmótinu gilda ákveðnar reglur í leik og umgengni, sem allir reyna að fylgja. Engu að síður, þá hefur hvert félag rétt til þess að kvarta og gera athugasemdir við framkvæmd mótsins. Ef þú þarft að nota þennan rétt, gerðu það við réttan aðila. Segðu rétt frá, rólega og virtu ákvörðunina, hver svo sem hún er.

Á mótinu starfar sjálfstæð úrskurðarnefnd, sem tekur á mótí kvörtunum mótshaldara og félaga um framkvæmd keppinnar. Nefndin kannar umkvörtun og kveður upp endanlegan úrskurð, sem öll félög og mótshaldari skuldbinda sig til að fylgja.

BREYTINGAR

Eins og félögum var tilkynnt í mars var mikil aðsókn að mótinu í vor. Þess vegna var ákveðið að stækka það til að koma að öllum þeim félögum sem mætt hafa reglulega á Norðurálmótið á hverju ári. Hjá mörgum félögum er ánægjuleg fjölgun ungra iðkenda í

UPPLÝSINGAR UM MÓTIÐ

knattspyrnu og allir vilja þeir mæta á mótið.

Afleiðing þessa er að við höfum gert breytingar á mótinu frá fyrri árum. Þessar eru helstar: Bætt við gististöðum, bætt við tjaldstæði, fjölgað matarstöðum og lengt matartíma, bætt við starfsfólki, bætt við keppnisvöllum, fært umferð yfir á sunnudag, hætt að skrá úrslit á laugardegi og sunnudegi, hætt við lokahóf með verðlaunaafhendingu, viðurkenningar afhentar þess í stað á kvöldvöku, og fleira.

Með þessum breytingum vonumst við til að stærra mót geti farið fram án vandkvæða og allir eigi ánægjulega daga á Norðurálmótinu.

MÓTSREGLUR

1. Allir mæta í góðu skapi.
2. Leiktími er 2 x 12 mínútur. Inná leikvelli eru aldrei fleiri en 7 leikmenn frá hverju liði.
3. Í leikjum er aldrei skráður meiri markamunur en 3 mörk.
4. Séu lið jöfn að stigum, ræður markamunur. Ef markamunur er jafn ræður innbyrðis leikur liðanna. Ef sá leikur er jafn eru þeir hærri sem hafa fengið færri mörk á sig. Sé ennþá jafnt-ræður hlutkesti.
5. Þjálfarar skulu ekki færa leikmenn milli liða, nema ekki séu eftir nægir leikmenn til að ná í fullt lið.
6. Dómari hefur rétt til að fara fram á það við þjálfara að leikmaður sé tekinn af velli ef hann gerist sekur um gróft brot. Annar leikmaður kemur inn á í stað hans.
7. Við hliðarlínu skulu ekki aðrir vera staðsettir en varamenn, þjálfari og einn liðsstjóri. Aðrir áhorfendur, foreldrar og iðkendur, skulu vera fjær, nánar tiltekið fyrir aftan endalínu, þó minnst 2 m frá marki.
8. Dómari hefur rétt til að stöðva leikinn og láta klukkuna ganga áfram, telji hann að áhorfendur, þjálfarar eða varamenn brjóti reglur eða séu uppvísir að ósæmilegri hegðun. Til ósæmilegrar hegðunar telst einnig óviðeigandi hróp og köll.
9. Góð umgengni er öllum til sóma - verum liðum okkar til sóma.
10. Á mótinu starfar keppnisráð. Ráðið skipa 3 aðilar, sem ekki koma að stjórn mótsins. Félög geta áfrýjað ákvörðunum mótsstjóra og starfsmanna mótsins sem varða keppnina og úrslit leikja, til keppnisráðs. Ráðið kannar mál og kveður upp endanlegan úrskurð, sem öll félög og mótshaldari skuldbinda sig til að fylgja.

KEPPNISFYRIRKOMULAG

Megin markmið Norðurálmótsins er að strákarnir okkar upplifi knattspyrnu á jákvæðan hátt og komi heim með góðar minningar um skemmtilega daga.

Með fyrirkomulagi mótsins eru eftirfarandi þættir hafðir í fyrirrúmi: Stutt bið er milli leikja hjá hverju liði, leikir eru milli liða sem eru af svipuðum styrkleika, leikgleði og engir úrslitaleikir.

UPPLÝSINGAR UM MÓTIÐ

Öllum liðum frá hverju félagi er fyrir upphaf móts skipt niður á 7 flokka (A, B, C, D, E, F, G), hvern með 24 liðum, og 1 flokkur (H) skipaður 12 liðum. Mótshaldari í samráði við þjálfara ákveður þá skiptingu.

Þjálfarinn skipar sjálfur þátttakendum í lið fyrir fyrsta leik og má eftir það ekki færa þátttakendur á milli liða.

Fyrri hluti mótsins fer fram á föstudeginum. Þá er öllum liðum innan hvers flokks (A, B, C, D, E, F, G) skipt tilviljanakennt í 6 riðla með 4 liðum hver, þar sem liðin keppa hvert við annað. Sama á við um H flokk, nema þar eru 3 riðlar með 4 liðum. Liðin keppa 3 leiki, annað hvort kl. 13:00-16:00 eða kl. 16:00-19:00. Ein umferð í hverjum riðli er leikin samtímis á samliggjandi völlum og einungis er eins leiks bið hjá hverju liði. Niðurstaða föstudagsriðlanna er notuð til að raða í deildir fyrir seinni hlutanum.

Seinni hluti mótsins fer fram á laugardegi og sunnudegi. Þá er öllum liðum innan hvers flokks (A, B, C, D, E, F, G) skipt í 4 riðla með 6 liðum hver, þar sem liðin keppa hvert við annað. Sama á við um H flokk, nema þar eru 2 riðlar með 6 liðum.

Hvert lið keppir 5 leiki í seinni hlutanum. Innan hvers flokks (A, B, C, D, E, F, G, H), lenda öll lið sem vinna sína riðla á föstudegi saman í 6 liða deild. Þau lið sem lenda í öðru sæti á föstudegi lenda öll saman í sex liða deild o.s.frv. Úr þessu verða til 4 deildir með sex liðum innan hvers flokks þar sem svipuð lið eru saman í deild: Íslenska deildin, Enska deildin, Spænska deildin og Þýska deildin. H flokkurinn hefur Íslenska deild og Enska deild

3 af 5 umferðum deildanna eru leiknar á laugardegi. Annar hópur kl. 9:00-12:00, og hinn hópurinn kl. 13:30-16:30. Síðasta 2 umferðirnar fara fram á sunnudag, kl. 9:00-13:00. Engir úrslitaleikir um sæti fara fram í mótinu.

Keppnisvellir eru á flötinni austur af Akraneshöllinni á Jaðarsbökkum og inni í Akraneshöllinni sjálfri.

VIÐURKENNINGAR

Á mótinu verða úrslit á laugardeginum og sunnudeginum ekki skráð. Þetta er gert til að fylgja eftir megin markmiði Norðurálsmótsins, að strákarnir okkar upplifi knattspyrnu á jákvæðan hátt og komi heim með góðar minningar um skemmtilega daga.

Þess vegna verður ekki útdeilt verðlaunum fyrir árangur og á sunnudeginum verður ekki lokahóf. Þess í stað verður á kvöldvökunni á laugardag veittar viðurkenningar fyrir framkomu á mótinu og jafnframt verður happadrætti félaga.

FARARSTJÓRAR

Föstudagur er notaður til að skipta liðum eftir getu fyrir keppni á laugardegi og sunnudegi. Úrslitin verða því að vera rétt skráð. Þjálfarar og liðstjórar verða að fylgjast vel með skráningu úrslita á föstudegi og tilkynna strax til mótsnefndar ef skráning úrslita er röng.

UPPLÝSINGAR UM MÓTIÐ

Úrslit leikja og leikjaskipulag er birt á heimasíðunni.

Þeir sem lenda í 1. og 2. sæti á föstudegi spila seinni hluta laugardagsins og undir hádegi á sunnudegi. Þeir sem lenda í 3. og 4. sæti á föstudegi spila fyrripart laugardagsins og síðan eftir kl. 9 á sunnudegi.

Fararstjórafundir verða haldnir daglega í sal á efri hæð Íþróttamiðstöðvarinnar á tíma sem fram kemur í dagskránni. Gengið er inn að sunnanverðu á 2.hæðina frá aðalleikvangi.

Mikilvægt er að allir þátttakendur og liðstjórar í hverju liði mæti saman í mat á skipulögðum tímum. Ekki eru skipulagðar sundferðir, en frítt er í sund fyrir alla á eigin ábyrgð. Myndataka fer fram í sérstöku tjaldi, á ákveðnum tíma sem verður skipulagður.

GREIÐSLUR

Þátttökugjald er kr. 14.000 fyrir hvern keppanda á Norðurlálfsmótið. Innifalið í þátttökugjaldi: Gisting í skólastofu í tvær nætur, kvöldverður á föstudag, morgun-, hádegis- og kvöldverður á laugardag, morgunverður og pulsugrill á sunnudag, kvöldskemmtun og viðurkenningar á laugardagskvöldi og gjöf frá Norðurlálf.

Félögin fá frían matarpakka fyrir 1 liðsstjóra með hverju liði. Ef félög óska eftir að fá matarpakka fyrir aðra fylgdarmenn liðanna, þá verður hægt að kaupa matarpakka aukalega á 6.000 kr. í upphafi móts.

Greiðsla á þátttökugjaldi keppenda skal fara fram eigi síðar en 14 dögum fyrir mótssetningu, þ.e. **föstudaginn 5.júní**. Sé gjaldið ekki greitt tímanlega, getur verið hætt á að félagið missi sæti fyrir einhver lið yfir til annars félags sem er á biðlista. Hvert félag skal greiða fyrir alla keppendur sína í einni greiðslu. Í sömu greiðslu skal greiða fyrir matarpakka fyrir þjálfara, viðbótar liðsstjóra og aðra fylgdarmenn, sem félögin óska eftir. Nota skal sérstakt greiðslublað sem er á heimasíðu mótsins.

Afhending þátttökugagna og allra matarmiða til 1 fulltrúa frá hverju félagi, fer fram í sal á efri hæð Íþróttamiðstöðvarinnar á föstudegi milli kl. 10:30 og 12:00.

GISTING KEPPENDA

Gisting keppenda er í skólum bæjarins: Grundaskóla, í Brekkubæjarskóla við Vesturgötu eða í Fjölbrautaskólanum við Vogabraut og í húsi KFUM&K við Garðabraut. Skipulag gistingar er birt á netinu stuttu fyrir mót. Undanfarin ár hefur færst í vöxt að keppendur gisti með foreldrum en ekki í skólunum. Mikilvægt er að fá að vita viku fyrir mót hversu margir keppendur frá hverju félagi verða í gistingu í skóla, til að nýta húsnæðið sem best.

Hvert félag fær úthlutað ákveðnum fjölda kennslustofa eftir þátttökufjölda keppenda og skal sjá um að skipta liðunum sínu í stofurnar. Mjög gott er að lið komi sér fyrir á gististöðum áður en skrudgangan hefst, því keppni hefst strax að henni lokinni. Gististaðir opna um kl. 8 á föstudegi. **Í lok móts skal ganga snyrtilega frá gististaðnum fyrir kl. 12 á sunnudag.**

UPPLÝSINGAR UM MÓTIÐ

Gistireglur gera ráð fyrir að ró sé komin á gististaði fyrir kl. 22 öll kvöld. Vakt er skipulögð í öllum skólum allan sólarhringinn.

STRÆTÓ

Strætó gengur á hálf tíma fresti milli mótssvæðis og gististaða í Brekkubæjarskóla og Fjölbrautaskóla á mótstíma og fram eftir kvöldi eftir þörfum. Frítt er í strætó allt mótið fyrir alla mótsgesti, en þátttakendur hafa forgang. Við hvetjum alla til að nota strætóinn því bílastæðin okkar rúma ekki allan þennan fjölda.

MATUR OG MATSALIR

Morgunverður er framreiddur í sal Brekkubæjarskóla og Fjölbrautaskólanum fyrir dvalargesti í þeim skólum, en aðrir fá morgunverð í matsal Íþróttamiðstöðvar. Lið hafa frjálstan tíma í morgunverð, en mælt er til að lið sem keppa seinna um daginn mæti seinna í morgunverðinn. Tímasetning morgunverðar kemur fram í dagskrá mótsins

Liðum er úthlutaður sérstakur matmálstími fyrir hádegis- og kvöldmat og kemur sá tími fram í endanlegri handbók. Matartímum laugardags og sunnudags er ráðað eftir niðurstöðum föstudagsins. Matur fyrir öll lið er framreiddur í íþróttasal Íþróttamiðstöðvar. Gengið er inn í íþróttasalinn að vestanverðu, þar sem tekið er við matarmiðum. Einungis liðstjórar og aðrir með matarmiða fá aðgang að salnum með liði sínu. Vinsamlegast látið vita tímanlega ef ykkar lið ætlar ekki að mæta til skipulagðrar máltíðar.

MATSEÐILL

Matseðill mótsins er birtur á heimasíðunni og í handbókinni. Þátttakendur sem hafa mataróþol, geta látið vita með því að senda póst með upplýsingum um einstakling og félag þess á netfangið matur@kfia.is. Sendandi fær upplýsingar til baka um innihald matarins og ráðstafanir sem hægt er að gera á mótinu.

SUND

Frítt er fyrir alla í sund á föstudegi frá kl. 13:00-20:00 og á laugardegi frá kl. 9:00-19:00 í boði Akraneskaupstaðar. Athugið að ábyrgð á börnum er alfarið á höndum foreldra og fararstjóra. Vinsamlegast kynnið ykkur opinbera reglugerð nr. 814/2010 er varðar sundferðir barna.

LÍÐSMYND

Mótshaldarar sjá um að taka liðsmynd af öllum liðum, á ákveðnum tíma á föstudeginum og á ákveðnum stað. Upplýsingar eru birtar í handbók. Myndirnar verða til sýnis og sölu í foreldrakaffinu.

UPPLÝSINGAR UM MÓTIÐ

ÓSKILAMUNIR

Allir óskilamunir verða settir í matsal Íþróttamiðstöðvar á meðan á móti stendur. Eftir mót er hægt að hafa samband við skrifstofu KFÍA varðandi óskilamuni.

VELKOMIN Á NORÐURÁLSMÓTIÐ 2015 !

UPPLÝSINGAR TIL FJÖLSKYLDNA

TJALDSTÆÐI

Tjaldstæði mótsins fyrir fjölskyldur keppenda er á grasflötum við Byggðasafnið og í nágrenni þess, við Leynisbraut og nálægt Garðalundi. Svæðinu er skipt í 5 hluta: Kúttersflöt, Garðaflöt, Safnaflöt, Hótelflöt og Formannaflöt, auk Boltaflatar við KFUM & K húsið. Félögum er úthlutað svæði á ákveðinni flöt, og svæði hvers félags er merkt fyrir opnun.

Tjaldstæðið verður opnað kl. 18 fimmtudaginn 18.júní. Þarna er sett upp snyrtiaðstaða í gámum, kamrar og útipvottaaðstaða, ásamt ruslagámum. **Ekkert rafmagn er á tjaldsvæðinu.**

Gistigjald á tjaldsvæði mótsins er **5.000** kr. á hvern ferðavagn (tjald/hjólhýsi/fellihýsi o.fl.) fyrir alla mótshelgina.

Ekki er heimilt að tjalda á lóðinni við Grundaskóla eða öðrum lóðum í nágrenninu. Veitingasala er í Safnaskálanum við Byggðasafnið, og í Golfskálanum á golfvellingnum.

Vinsamleg tilmæli eru að gestir á tjaldsvæði virði almennar umgengnisreglur og njóti þess að eyða helginni í faðmi fjölskyldunnar og fylgjast með keppni barna sinna án neyslu áfengis.

Opinbert tjaldstæði Akranesbæjar með allri þjónustu er staðsett vestan til í bænum, rétt hjá bensinstöðinni Olís, sjá upplýsingar á www.tjalda.is.

HUNDAHÁLD

Leyfilegt er að vera með hunda á tjaldstæði mótsins. Þeir verða að vera í bandi allan tímann og hegðun sé þannig að þeir trufla ekki aðra tjaldgesti. Auðvitað þrifa eigendur alltaf eftir hundana sína.

Í samræmi við reglur bæjarins (782/2010) er **ekki** leyfilegt að hafa hunda á keppnissvæðinu, ekki í Akraneshöllinni, á Langasandi eða í Garðalundi, hvorki í bandi né í fanginu. Þá mega hundar ekki koma inn í húsnæði mótsins, gisti eða matarstaði.

MATSALA

Í boði er að kaupa matarpakka mótsins sem innifelur Morgunverð (2x), hádegisverð (1x), kvöldverð (2x) og pulsugrill (1x). Matarpakkinn kostar 6.000 kr. fyrir fullorðna og 4.000 kr. fyrir börn (undir 18 ára).

Einnig er hægt að kaupa miða fyrir staka máltíð: Fullorðnir: Hádegis- eða kvöldmatur kr. 1.500 og morgunmatur kr. 800. Börn: Hádegis- eða kvöldmatur kr. 1.000 og morgunmatur kr. 800. Miðar og pakkar verða seldir við inngang í matsal Íþróttamiðstöðvar.

Pulsugrill er haldið við aðalkeppnisvöllinn á sunnudeginum kl. 11:00-13:30 fyrir alla þátttakendur. Foreldrar og aðstandendur eru velkomnir og geta keypt miða í grillið á kr. 700.

UPPLÝSINGAR TIL FJÖLSKYLDNA

Kaffi- og veitingasala fyrir áhorfendur á keppnistíma er á Aggapalli, í Akraneshöll, söluvagni og í veitingatjaldi á keppnissvæðinu.

FORELDRAKAFFI

Foreldrar allra karla- og kvennaflokka ÍA sameinast um að bjóða öllum foreldrum þátttakenda til kökuveislu á laugardagskvöldið kl. 21:30-23:00. Foreldrakaffið er í matsal Íþróttamiðstöðvar og aðgangur er ókeypis.

Foreldrakaffi er eingöngu fyrir foreldra þátttakenda (ekki fyrir börn)!

KEPPNIS- OG LIÐSMYNDIR

Í foreldrakaffi verða myndir frá keppni föstudagsins sýndar og boðnar til sölu á 1.500 kr. Þar verða einnig til sölu liðsmyndir af hverju liði, sem teknar hafa verið sérstaklega af ljósmyndurum mótsins á föstudeginum.

BÍLASTÆÐI

Bílastæði eru við Íþróttamiðstöðina, austan við sundlaugina, við Innesveg, nálægt tjaldsvæðum og á öðrum merktum svæðum. Ekki er heimilt að leggja bílum á grasið við keppnisvelli, á gangbrautir, eða göngustíga. Notum frían strætó eða göngum.

Bílar sem lagt er á gönguleiðir og gangstíga, verða sektaðir af lögreglu og hugsanlega fjarlægðir.

UMGENGNI


Keppnissvæði, matsalir og gististaðir þátttakenda eru algjörlega tóbakslaus. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða það.

Ruslagámar og tunnur eru stutt frá á öllu keppnissvæðinu og á tjaldsvæðinu. Keppendur og áhorfendur eru félögum sínum til sóma með góðri umgengni.

UPPLÝSINGAR

Allar upplýsingar um mótið, s.s. kort, skipulag og úrslit, er birt á heimasíðu mótsins, www.kfia.is/norduralsmot. Einnig verða leikskipulag og úrslit birt á snjallsímavef: <http://nm.kfia.is>. Þessar upplýsingar eru uppfærðar eftir þörfum til loka mótsins.

VELKOMIN Á NORÐURÁL SMÓTIÐ 2015 !



Norðurálmót 2014

Helstu staðir Norðurálmótsins 2014, haldið 20.- 22.júní .

Public · 4 Collaborators · 74,898 views

Created on Jun 18, 2008 · By [ÍA](#) · Updated < 1 minute ago



Safnast saman

Upphaf skróðgöngu á föstudegi




Skróðganga


Í upphafi mótsins


Grundaskóli

 Gististaður keppenda, einn af þremur

 Brekkubæjarskóli
Gististaður keppenda, einn af þremur

 Fjölbautaskóli
Gististaður keppenda, einn af þremur.


 Keppnisvellir
Keppnisvellir mótsins eru hér

 Keppnisvellir
Keppnisvellir mótsins eru hér


 Kúttersflöt
Tjaldstæði mótsins, eitt af fimm svæðum sem félögum er skipt á.


 Formannaflöt
Tjaldstæði mótsins, eitt af fimm svæðum sem félögum er skipt á.


 Safnaflöt
Tjaldstæði mótsins, eitt af fimm svæðum sem félögum er skipt á.

 Garðafllöt
Tjaldstæði mótsins, eitt af fimm svæðum sem félögum er skipt á.

 Hótelflöt
Tjaldstæði mótsins, eitt af fimm svæðum sem félögum er skipt á.

 Tjaldstæði Akraneskaupstaðar
Opinbert tjaldstæði með allri þjónustu

 Íþróttamiðstöð
Matsalur, gengið inn að vestanverðu, sundlaug, skrifstofa


 Akraneshöllin
Knattspyrnuhöll, setning móts á föstudegi, kvöldvaka á laugardegi, lokasamkoma á sunnudegi og keppnisvellir

 Norðurálsvöllur
Aðalkeppnisvöllur, grillveisla upp við sundlaugargirðingu

[Akranesvöllur Stadium](#)

Akranes
Iceland

 Veitingatjöld
Veitingasala í tjaldi á keppnissvæðinu

 Veitingasala
Sala veitinga í Akranehöll

 Veitingasala
Sala veitinga á Aggapalli

 Bílastæði